

Hjartans þakkir sendi ég til allra þeirra sem sendu mér skeyti og sýndu mér aðra virðingu á áttæðisafmæli mínu hinn 23. nóvember s.l.

Páll Helgason

## Frá Menntaskólanum við Hamrahlíð

Innritun í öldungadeild verður 3.-5. desember frá kl. 16-18.

Rektor



## Frá menntamálaráðuneytinu

Vélfræðikennara vantar að lönnskóla Ísafjarðar til að kenna vélskólanemum 1. og 2. stigs frá áramótum. Nánari upplýsingar gefur skólustjóri í síma 94-4215 milli 10-12 og í síma 94-3502 á kvöldin.

Menntamálaráðuneytið

## Viðgerðarstarf

Laghentur, vanur maður óskast til starfa á verkstæði Rafbúðar Sambandsins, að Ármúla 3. Starfið er fólgið í viðgerðum saumavéla og smærri heimilistækja. Nám í skrifvélavirkjun eða rafeindavirkjum æskilegt, en ekki skilyrði. Umsóknareyðublöð hjá starfsmannastjóra, er veitir frekari upplýsingar. Umsóknarfrestur er til 10. des. n.k.



**SAMBAND ÍSL. SAMVINNUFÉLAGA**  
STARFSMANNAHALD  
LINDARGÖTU 9A

## Frá Borgarbókasafni

**Sögustundir** í hverri viku í Borgarbókasafni. Aðalsafni Þingholtsstræti 29a þriðjudaga kl. 10-11. Bústaðasafni Bústaðakirkju miðvikudaga kl. 10-11. Sólheimasafni Sólheimum 27 miðvikudaga kl. 11-12. Ykkur er óhætt að líta inn því margt getur skemmtilegt skeð í sögustund. Fóstrur og dagmómmur athugið að ef þið komið með hópa, látið okkur þá vita í tíma.

Borgarbókasafn.



# 813333

Er ekki tilvalið að gerast áskrifandi?

## ÞJÓÐVILJINN



Leggjum ekki af stað í ferðalag í lélegum bíl eða illa útbúnum. Nýsmurður bíll með hreinni olíu og yfirfarinn t.d. á smurstöð er líklegur til þess að komast heili á leiðarenda.



## UM HELGINA

Kjarvalsstaðir:

## Fimm á Kjarvalsstöðum

Í dag klukkan 14 hefst samsýning 5 ungra myndlistarmanna í austursal Kjarvalsstaða. Þeir hafa allir sýnt áður á einkasýningum og samsýningum. Þetta eru þeir Steingrímur Þorvaldsson, Magnús V. Guðlaugsson, Stefán Axel, Ómar Skúlason og Pétur Stefánsson.

Steingrímur og Magnús sýna málverk, unnin á árunum 1983-



Fjórir af listamönnum en sá fimmti, Stefán Axel, var ókominn frá Hollandi. F.v.: Ómar Skúlason, Pétur Stefánsson, Steingrímur Þorvaldsson og Magnús V. Guðlaugsson. Ljós.:EO

1984, en Stefán og Ómar með splunkunýjar myndir. Pétur verður með teikningar unnar á

þessu ári. Sýningin stendur til jóla og verður opin alla daga frá 14-22. -GFr

Kjarvalsstaðir:

## Ljósmyndasýning Harðar Vilhjálmssonar



Hörður með myndir sínar. Ljós.: EÓ

Í dag hefst ljósmyndasýning Harðar Vilhjálmssonar á Kjarvalsstöðum og sýnir hann þar 35 ljósmyndir í lit, landslagsmyndir og haustliti. Þetta er fyrsta einkasýning hans.

Hörður lauk námi hjá Óla Páli Kristjánssyni, ljósmyndara, 1971 og stundaði framhaldsnám við Harrow College og Technology and Art veturinn 1975-1976.

Hann hefur starfað sem ljósmyndari við Landsbókasafn Íslands og Dagblaðið, rak ljósmyndastofu um skeið en hefur starfað hjá Sjónvarpinu síðan 1981.

Gerðuberg

## Þorpið flutt í Gerðubergi

Nemendur sem stunda nám á öðru ári í Leiklistarskóla Íslands, munu flytja „þorpið“ eftir Jón úr Vör undir stjórn Helgu Bachmann í Gerðubergi á sunnudag kl. 15.30.

Er þetta fyrsta dagskráin af

nokkrum sem stendur til að flytja í Gerðubergi á aðventunni. Næstu sunnudaga munu rithöfundar lesa úr verkum sínum, þar sem gestir geta setið yfir kaffibolla og heimabakkelsi og notið lífsins. Fólk má gjarnan taka

þetta sem hvatningu um að eyða ekki öllum sunnudeginum í jólaundirbúning og yfirvinnu, heldur drekka eftirmiðdagskaffið sitt í Gerðubergi og fá þessa skemmtun um leið.

## Musica Antiqua

Sunnudaginn 2. desember n.k. verða haldnir fyrstu tónleikar MUSICA ANTIQUA á þessum vetri. Þau Camilla Söderberg, Ólöf Sesselja Óskarsdóttir og Snorri Örn Snorrason flytja tónlist frá endurreisnar og barokktímanum, verk eftir van Eyck, John Dowland, Francesco Mancini, Pierre Philidor, Arcangelo Corelli o.fl.

Þau Camilla, Ólöf Sesselja og Snorri Örn léku þessa efnisskrá á

Skálholtstónleikum 14. og 15. júlí í sumar en síðan var ferðinni heitið til Svþjóðar og Austurríkis þar sem þau héldu fjölda tónleika við mjög góðar undirtektir. Hljóðfærin sem þau leika á eru blokkflautur, viola da gamba og lúta, allt eftirlíkingar af gömlum hljóðfærum sem smíðuð voru á endurreisnar og barokktímanum. Tónleikarnir verða í Kristskirkju og hefjast kl. 16:00



Musica Antiqua skipa Camilla Söderberg, Snorri Örn Snorrason og Ólöf Sesselja Óskarsdóttir.

Gallerí íslensk list

## Einar G. Baldvinsson sýnir á Vesturgötu

Í dag 1. desember opnar einn af þekktustu listmálurum þjóðarinnar Einar G. Baldvinsson sýningu á verkum sínum í galleríinu Íslensk List, að Vesturgötu 17.

Einar sýnir þar 22 olíumálverk, sem flest eru máluð á síðastliðnum tveimur árum. Nú eru liðin fimm ár síðan þessi þekkti málari hélt síðast einkasýningu, þó hann hafi síðan tekið þátt í mörgum samsýningum, bæði erlendis og hér á landi. En þessi

sýning er áttunda einkasýning Einars.

Á málverkasýningu Einars í Galleríinu á Vesturgötu 17, eru mörg málverk frá sjávarsíðunni á Íslandi, bátar þorp, og fólk að störfum, auk landslagsmynda. Allt verk sem eru dæmigerð fyrir hinn sérstæða og sterka stíl Einars G. Baldvinssonar.

Sýningin er opin daglega kl. 9-17 á virkum dögum og kl. 14-18 um helgar.

Ossa

## Afmæli hjá Ossu

Í tilefni af því að listmuna- og gjafavörverslunin Ossa átti fyrir skemmstu tveggja ára afmæli verður opið hús í versluninni í Glæsibæ í dag.

Opið verður frá klukkan tíu til fjögur. Afmælisafsláttur 10-20%.

Meðal muna eru handunnin teppi frá Mexíkó, og antikteppi frá ýmsum öðrum löndum. Einnig norskur sérhannaður kristall frá Hadeland, finnskir listmunir, handgerðir kinnverskir dúkar og ýmiss konar fallegar keramik- og textílvörur.

Eigandi verslunarinnar er Oddný Ingimarsdóttir.